

## Stjórnarfundur mánudaginn 25. mars 2019

Kl. 19:00 á skrifstofu Siðmenntar, Túngötu 14

**Mættir á fund:** Sævar Finnbogason, Kristinn Theodórsson, Jens Ívar Jóhannuson Albertsson, Hope Knútsson, Tómas Kristjánsson, Þorsteinn Kolbeinsson, Júlía Linda Ómarsdóttir, Steinar Harðarson, Siggeir F. Ævarsson

**Fundarritun:** Siggeir F. Ævarsson

Fundardagskrá í svörtum lit

Viðbætur ritara í bláum lit

### Dagskrá/Fundargerð

#### 1. Stjórn skiptir með sér hlutverkum

Helga Jóhanna Úlfarsdóttir hefur sagt sig frá stjórn og félaginu í heild og því þarf stjórn að skipta með sér hlutverkum á ný.

Sævar er sjálfkjörinn í embætti varaformanns, og verður því starfandi formaður.

Jens tekur að sér stöðu ritara.

Tómas kemur inn sem aðalmaður í stjórn sem næsti varamaður.

#### 2. Tölvu- og upplýsingamál

Framkvæmdastjóra sé falið fá heildstætt tilboð frá 1984 í þá vinnu sem hægt væri að færa alfarið á þeirra hendi. Einnig að semja við Sigurð Hólm um að skilja við þannig að framkvæmdastjóri/stjórn hafi fullan aðgang og heimildir að gögnum. Óska einnig eftir að Sigurður haldi tímabókhald og fái greitt í tímavinnu fyrir þau verk sem þarf að vinna til að ljúka ferlinu.

Stjórn leggur til að Sigggi fái sömu laun og afleysingarframkvæmdastjóri. verði að greitt verði samkvæmt taxta aðstoðarframkvæmdastjóra.

#### 3. Framtíðarráð, Hugráð og Viðurkenningarráð

Tillaga um stofnun þriggja ráða. Sjá nánar í sérstöku skjali.

Framkvæmdastjóra falið að breyta skráningarforminu í Google forms og senda svo póst á póstlista með skráningarlink strax 26. mars. Ennfremur verði sendur samskonar póstur varðandi tilnefningar í athafnaráð.

#### 4. Undirbúningur auka-aðalfundar

1. Taka þarf ákvörðun um auglýsingu fundarins

**Auglýsa fundinn fljótlega eftir mánaðarmót. Auglýst verði eftir framboðum 3.-4. apríl. Auglýsa þarf svo fundinn sjálfan, t.d. í gegnum RÚV og Fréttablaðið. Ath kostnað við auglýsingu í Morgunblaðinu. Ath hvenær frídreifing er.**

**2. Taka þarf ákvörðun um fyrirkomulag kynningar frambjóðenda**

**Stofna undirsíðu þar sem frambjóðendur geta komið með örstutta kynningu. Kynningarfundur/félagsfundur fyrir frambjóðendur 10. apríl kl. 20:00. Kaffi og kleinur.**

**3. Fundarstjórn á auka-aðalfundi**

**Framkvæmdastjóra falið að kanna verð hjá JCI, samanborið við Bryndísi Gunnlaugs.**

**5. Mögulegur félagsfundur til kynningar á ráðum og til að ræða framboðsmál.**

**Sjá lið 4.**

**6. Erindi vegna þingsályktunartillögu um sáttmála Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum**

**Stjórn ætlar að kynna sér afstöðu systurfélaga sinna og kanna hvort þau hafi gefið álit á málinu.**

**7. Erindi frá Belgískum samtökum vegna greinar um Siðmennt og húmanisma á Íslandi**

**Framkvæmdastjóri ýtir greininni úr vör.**

**8. Valgarður Guðjónsson óskar eftir að endurnýja vígsluréttindi sín**

**Formaður hringir í Valgarð og reynir að fá hann aftur til starfa.**

**9. Ræðumenn á ráðstefnu siðmenntar**

**Umræður um staðgengil Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem borðar forföll sem ræðumaður á ráðstefnu siðmenntar.**

**Athugað að fá Vigdísí Finnboga í staðinn. Jón Ólafs til vara. Einnig leitað inná við eftir öðrum hugmyndum, t.d. Þórhildur Sunna, Katrín Odds.**

**10. Önnur mál**

**Þjóðskrármálið - Nokkur trúfélög, að frumkvæði Ásatrúarfélagsins, ætla að funda með forstjóra Persónuverndar um þjóðskrármálið. Sævar og Tómas fara á fundinn fyrir hönd Siðmenntar.**

Siðmennt er aðili að eftirfarandi samtökum:

IHEU - International Humanist and Ethical Union

EHF - European Humanist Federation

MRSÍ - Mannréttindaskrifstofa Íslands

**GDPR - Tómas lagði fram tilboð í verkið. Frestað til næsta fundar svo hægt sé að taka afstöðu til upphæðar sem og hvort æskilegt sé að kaupa þjónustu af stjórnarmönnum.**

**Fastur kostnaður - Steinar og Tómas hafa greint fastan kostnað Siðmenntar frá árinu 2014. Kostnaðurinn hefur hækkað töluvert frá ári til árs. Steinar og Tómas leggja fram hugmynd um að færa verkefni BF alfarið yfir á framkvæmdastjóra frá og með næsta hausti. Hope mun fylgja skiptunum eftir og fá greitt fyrir það miðað við vinnuframlag í tímavinnu.**

**Jens tekur að sér að gera drög að verkefnalýsingu fyrir yfirfærsluna.**

**Kostnaður eftir árum:**

**Árið 2014 - 1.293.211**

**Árið 2015 - 1.911.261**

**Árið 2016 - 12.725.655**

**Árið 2017 - 15.341.848**

**Árið 2018 - 18.886.067**

**Fundi slitið klukkan: 21:15**

**Næsti stjórnarfundur haldinn: mánudaginn 1. apríl kl. 19:00**